

Verður Ísland verstöð og þrælabúðir fyrir þá sem ekki komust undan?

Ræða Þorvaldar Þorvaldssonar á Austurvelli 10. jan.

Félagar.

Því hefur verið fleygt að það séu spennandi tímar framundan á Íslandi. En spennandi fyrir hverja? Kannski fyrir þá auðmenn sem bíða eftir að sölsa undir sig húseignir almennings fyrir lítið. Eða fyrir okkur almenning sem eigum það á hættu að tapa ekki aðeins aleigunni heldur öllu sem við eigum eftir að vinna fyrir á ævinni. En er hægt að afstýra þeirri hættu? Er kannski möguleiki að það geti orðið spennandi tímar fyrir okkur?

Kreppan sem nú herðir tókin á okkur hröðum skrefum er afleiðing af þeirri stefnu sem ráðið hefur ríkjum hér undanfarin mörg ár, ekki bara af óheppni eins og Geir Haarde hefur látið í veðri vaka. Undanfarna áratugi hefur verið meiri eignatilfærsla frá almenningi til auðmanna heldur en nokkru sinni fyrr. Opinberlega var talað eins og þetta væri sjálfsagður hlutur og kæmi öllum til góða og þeir sem voru á annarri skoðun voru hafðir að háði og spotti ef þeir yfirhöfuð fengu að koma skoðun sinni á framfæri.

Nú er loksins að taka til starfa rannsóknarnefnd um aðdraganda bankahrunsins en hún á bara að taka á meintum lagabrotum. En það er alls ekki þar sem meinið liggur. Þegar lögín eru röng þarf ekki endilega lögbrot til að fremja glæp. Lögín eru afsprengi stefnu sem er fjandsamleg yfirnáefandi meirihluta þjóðarinnar. Og nú er unnið hörðum höndum að því að njörva allt niður á grundvelli sömu stefnu og leiddi okkur fram af hengifluginu. Á meðan verið er að afskrifa og færa niður skuldir fyrirtækja í stórum stíl er undirbúið að gefa bankana nýjum aðilum sem svo ætla að innheimta skuldir almennings með harðri hendi með okurvöxtum og verðbótum þó þeir kaupi þessar kröfur með miklum afföllum. Þetta er hinn mikli björgunarleiðangur. Það á enn einu sinni að bjarga auðvaldinu á okkar kostnað. Þess vegna hangir ríkisstjórnin á völdunum eins og hundar á roði til að geta séð til þess að auðmennirnir sleppi örugglega með sitt og til að geta gefið bankana aftur og allt verði aftur eins og áður.

En það verður aldrei aftur neitt eins og áður. Ef þeir fá að ráða ferðinni áfram þá verður ástandið miklu verra en nokkru sinni fyrr og það heldur áfram að versna þangað til mikill hluti þjóðarinnar sameinast og setur þeim stólinn fyrir dyrnar. Því þegar allt kemur til alls þá erum það við, almenningur sem stendur undir verðmætasköpuninni í landinu. Og við getum einnig komið fram nýrri stefnu sem byggist á sameiginlegum hagsmunum yfirnáefandi meirihluta þjóðarinnar ef við stöndum saman. Það verður að koma til alger stefnubreyting. Í stað einkavæðingar og stjórnlausrar gróðasóknar fámennrar auðmannaklíku verður að koma uppbygging á félagslegum forsendum þar sem framlag allra er metið að verðleikum, velferð allra er sett í forgang og allir geta lifað með reisn. Við höfum mannauð og aðrar forsendur til að byggja hér upp öflugt velferðarsamfélag og menningarsamfélag á stuttum tíma ef við

komum í veg fyrir að fámennar auðmannaklíkur sölsi undir sig öll verðmæti jafnóðum. Ef okkur tekst að setja okkur markmið sem sameina fjöldann og virkja samtakamáttinn þá er ekkert sem getur staðið í vegi fyrir honum.

Áratugum saman hefur sú stefna ríkt sem neyðir flesta til að kaupa eigið húsnæði enda lítið og óstöðugt framboð af leiguhúsnæði. Það er því ekki hægt að segja að það sé vegna óráðsú sem margir hafa keypt íbúðir og stofnað til skulda sem þeir geta ekki lengur ráðið við þegar allar forsendur fyrir þeim eru brostnar.

Á fimmtudaginn kemur verða stofnuð hagsmunasamtök heimilanna sem ætla sér að verða málsvari heimilanna í baráttunni gegn því að heimilin verði seld ofan af fólki fyrir lítið og fólkið skilið eftir eignalaust og vafið skuldum sem bara stækka af okurvöxtum og verðbótum meðan launin lækka og hrökkva æ skemur.

Við krefjumst þess að samfélagið taki á sig sanngjarnan hluta af þessari byrði enda eru allar forsendur breyttar fyrir fjárhagsskuldbindingum frá því fyrir einu ári. Við viljum geta staðið við skuldbindingar okkar og við viljum geta lifað og starfað áfram í þessu landi án þess að allt sé tekið af okkur jafnóðum.

Við krefjumst þess að lögum verði breytt þannig að ekki sé hægt að hundelta fólk til æviloka vegna krafna sem aleiga þess hrekkur ekki fyrir.

Við krefjumst þess að forsendum húsnæðisskuldbindinga, bæði í íslenskri og erlendri mynt, verði breytt í samræmi við breyttar ytri forsendur þar sem gengishrun og óðaverðbólga fer saman við vaxandi atvinnuleysi, lækkun launa og lækkandi fasteignaverð á frosnum markaði.

Og síðast en ekki síst krefjumst við þess að fá að halda sjálfsvirðingunni í samfélagi þar sem við höfum gert okkar besta til að leggja fram okkar skerf sem aðrir hafa svo sólundað.

Þetta eru sanngjarnar kröfur og kosta lítið í samanburði við þann stórfellda landflótta og samfélagslegu upplausn sem annars vofir yfir.

Ég skora á ykkur að koma á stofnfund Hagsmunasamtaka heimilanna í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti á fimmtudagskvöldið kemur. Þar getum við vonandi tekið skref í átt að samstöðu um brýnt hagsmunamál og safnað stuðningi fjöldans við það.

Framtíð Íslands veltur á okkur, á þjóðinni. Verður Ísland verstöð og þrælabúðir fyrir þá sem ekki komust undan, eða geta hér orðið spennandi tímar fyrir okkur áður en langt líður?

